

2. júní 2022

21407

Dreifing

Skipulagsstofnun
> Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Höfundur

EBA

Yfirfarið/Samþykkt

AVH

Tílefni

Matsskyldufyrirspurn: Aukin efnistaka vegna framkvæmda við Axarveg

Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum

1 Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum

Kynningartími matsskyldufyrirspurnarinnar var frá 20. apríl – 20. maí 2022. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá sjö aðilum og bærust sex umsagnir á tímabilinu. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf sé á viðbrögðum Vegagerðarinnar.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Vegagerðarinnar.

Umsagnaraðili	Viðbrögð Vegagerðarinnar
Hafrannsóknarstofnun	Ekki þörf á viðbrögðum
Heilbrigðiseftirlit Austurlands	þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Umhverfisstofnun	Ekki þörf á viðbrögðum
Náttúrufræðistofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
Múlaþing	Ekki þörf á viðbrögðum
Minjastofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
Fiskistofa	Sendu ekki inn umsögn

1.1 Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Í umsögn segir:

„Að mati HAUST hefði þurft að taka til skoðunar þætti á borð við áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn og loftgæði (rykmyndunar) á framkvæmdatíma til viðbótar við þá þætti sem taldir eru upp í kafla 4.“

Viðbrögð Vegagerðarinnar: Við vinsun umhverfisþátta var ekki talin þörf á umfjöllun um grunnvatn. Engin vatnsverndarsvæði eru innan framkvæmdasvæðis og vinnsla efnis miðast við að fara ekki niður fyrir grunnvatn. Áhrif á grunnvatn eru talin lítil sem engin.

Að sama skapi var ekki talin ástæða til að fjalla sérstaklega um loftgæði. Í upphaflegu umhverfismati vegagerðar um Öxi og Berufjarðarbotn¹ er fjallað um þann umhverfisþátt. Þar kemur fram að núverandi umferð um Hringveg og Axarveg fylgir ryk og hávaði. Með lagningu nýs vegar með betri hæðarlegu og bundnu slitlagi verður dregið úr þeim áhrifum umferðarinnar, þegar til lengri tíma er lítið. Á framkvæmdatíma megi þó búast við óþægindum m.a. vegna ryks. Með hliðsjón af umfangi framkvæmda við Axarveg í heild sinni er aukin efnistaka ekki talin breyta niðurstöðum fyrra mats hvað varðar loftgæði.

¹ Vegagerðin. (2011). *Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.*